

Desember

Lögin sem sungin verða í samsöng 7. desember:

Sjö litlar mýs

Lag: Lee Pockriss

Texti: Ómar Ragnarsson

Sjö litlar mýs sátu í hóp
er síðkvöld út í garð ég fór.
Eru þið ekki hræddar, undrandi ég spurði
en undireins þær svöruðu í kór.

Allar saman nú. Einn, tveir, þrír.
Nei við ætlum að vera svo ósköp þæg og góð
svo allir geti haft það gott hjá músabjóð.
Jólunum á, eru allir vinir
og við syngjum fagnaðarljóð.

Þá heyrðist hviss en kyrrar sátu mýsnar
er kisuhópur fram hjá þeim fór.
Ég spurði: Ætlið þið kisu að éta litlu mýsnar
en undireins þær svöruðu í kór.

Allar saman nú. Einn, tveir, þrír.
Nei við ætlum að vera svo ósköp þæg og góð
svo allir geti haft það gott hjá kattabjóð.
Jólunum á, eru allir vinir
og við syngjum fagnaðarljóð.

Ég fór inn í hús og hitti börn sem voru
að hjálpa mömmu glaðleg og rjóð.
Ég spurði: Eruð þið hætt að hrekkja og vera óþekk
og hýr og glöð þau sungu þetta ljóð.

Allir saman nú. Einn, tveir, þrír.
Nei við ætlum að vera svo ósköp þæg og góð
svo allir geti haft það gott hjá vorri þjóð..
Jólunum á, eru allir vinir
og við syngjum fagnaðarljóð.

Dírrúrí rumm dumm mannabörnin hlýðin og hljóð.
Dírrúrí rumm dumm halda jólin þæg og góð.

Dansaðu vindur

Lag: Peter og Nanne Grönval
Texti: Kristján Hreinsson

Kuldinn, hann kemur um jólin
með kolsvarta skugga.
Krakkarnir kúra í skjóli
hjá kerti í glugga.

Vindur, já dansaðu vindur,
er vetur og kuldi gefa nýjan þrótt.
Vindur, já dansaðu vindur
vertu á sveimi um kalda jólanótt.

Núna nístir í snjónum
um nóttina svörtu,
nærast á takti og tónum
titrandi hjörtu

∴ Vindur, já dansaðu vindur,
er vetur og kuldi gefa nýjan þrótt.
Vindur, já dansaðu vindur
vertu á sveimi um kalda jólanótt ∴

Jólakötturinn

Lag: Ingibjörg Þorbergs

Texti: Jóhannes úr Kötlum

Þið kannist við jólaköttinn,
sá köttur var gríðarstór.
Fólk vissi ekki hvaðan hann kom
eða hvert hann fór.

Hann glennti upp glyrnurnar sínar,
glóandi báðar tvær.
Það var ekki heiglum hent
að horfa í þær.

Kamparnir beittir sem broddar,
upp úr bakinu kryppa há,
og klærnar á loðinni löpp
var ljótt að sjá

Hann veifaði stélinu sterka,
hann stökk og hann klóraði og blés,
og var ýmist uppi í dal
eða úti um nes.

Grýlukvæði

Lag: Þjóðlag

Texti: Gömul þula

Það á að gefa börnum brauð
að bíta í á jólunum,
kertaljós og klæðin rauð,
svo komist þau úr bólunum,
væna flís af feitum sauð
sem fjalla gekk af hólunum.
Nú er hún gamla Grýla dauð
gafst hún upp á rólunum.

Sindrar stjarnan

Lag: Franskt lag

Texti:

Sindrar stjarnan himnum á,
stafar geislum til og frá.
Eins og gimsteinn skín svo skært,
inni sefur barnið vært.
Sindrar stjarnan himnum á,
stafar geislum til og frá

Svo syngjum við að sjálfsgöðu hin sígildu jólaballalög í Desember:

- Í skóginum stóð kofi einn
- Jólasveinar ganga um gólf
- Jólasveinar einn og átta
- Adam átti syni sjö
- Nú skal segja
- Gekk ég yfir sjó og land
- Göngum við í kringum
- Ég sá mömmu kyssa jólasvein
- Tvö skref til hægri og tvö skref til vinstri
- Karl gekk út um morguntíma
- Fyrst á réttunni
- Nú er Gunna á nýju skónum
- Bráðum koma blessuð jólin
- Bjart er yfir Betlehem